

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

8. mars 1982.

Nr. 80.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma, skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 12 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 25 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 15. mars 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 297/1981 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

8. mars 1982.

Nr. 81.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðingshjálp í rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 50 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 50 hveðrar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 50 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ.e.a.s. kr. 25 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr. skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknnum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 15. mars 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 296/1981 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 39/1970, um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa, með síðari breytingum.

1. gr.

Síðasta setning í 2. mgr. 3. gr. falli niður.

2. gr.

Við rómv. XVI í 4. gr. bætist nýr töluliður, er verði 7. tl. og orðist svo:
Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í kvenlækningum og einni hliðargrein þeirra. Skilyrðin eru tími í aðalgrein skv. IX og 2 ár í hliðargrein.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. og 5. gr. læknalaga nr. 80/1969, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir: